

Fræðslunefnd
Bt. Sigríður Kristjánsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjörður 3. nóvember 2015

Mál: Sumarlokanir Eyrarskjóls og Sólborgar 2015 - 2015090088

Niðurstöður könnunar foreldraráðs Sólborgar og Eyrarskjóls, sbr. bókun fræðslunefndar á fundi nr. 359, þann 1. okt. 2015

Foreldraráð Sólborgar og Eyrarskjóls stóðu saman að gerð könnunar meðal foreldra um hug þeirra gagnvart framkvæmd sumarlokun 2015 og væntinga gagnvart sumarlokun 2016.

Útbúin var könnun sem svarað var á netinu, órekjanleg til einstakra foreldra, og var linkur könnunarinnar sendur á netföng foreldra, skv. skrám leikskólastjóra.

Spurningar og niðurstöður:

1. Á hvaða leikskóla er barnið þitt?

52 börn á Sólborg (83 börn skráð þar þegar könnun var gerð)

58 börn á Eyrarskjóli (84 börn skráð þar þegar könnun var gerð)

2. Hvernig líkaði þér fyrirkomulag á sumarlokunum árið 2015, þ.e. að hafa val um tveggja vikna sumarfrí í kringum tveggja vikna lokun leikskólans?

68% vel

22% hvorki vel né illa

10% illa

3. Hvaða áhrif telur þú að fyrirkomulag sumarlokana 2015 hafi haft á barnið þitt?

25% jákvæð áhrif

68% engin merkjanleg áhrif

7% neikvæð áhrif

4. Hvernig vilt þú hafa sumarlokun 2016?

78% Ég vil hafa val um tveggja vikna sumarfrí, í kringum tveggja vikna lokun leikskóla (eins og sumarið 2015)

22% Ég vil að leikskólinn loki í fjórar vikur samfellt

5. Er eitthvað sem þú vill koma á framfæri varðandi framkvæmd sumarlokana 2015 eða væntingar til sumarlokana 2016 (opin spurning):

- Helstu niðurstöður:
- Valmöguleiki 4 er allt of takmarkandi. Ég vil að unnið verði að því að foreldrar geti tekið frí fyrir börnin í 4 vikur, þegar þeirra sumar frí er, frá júní til ágúst. Það á að vera leikur einn með skipulagi og að láta foreldra sækja um frí með góðum fyrirvara. Það hefur ekki góð áhrif á börnin eða fjölskyldurnar að börnin og foreldrarnir geti ekki fengið frí á sama tíma, því ekki geta allir fengið sumarfrí úr sínum vinnum í júlí. Hægt væri að bjóða til dæmis upp á fyrra frí og svo seinna frí, eða hreinlega leifa fólk að velja, og svo haga starfsemi leikskólans í samræmi við umsótt frí.
- af tvennu illu þá var skárra að hafa þetta eins og var sumarið 2015
- Mér finnst nauðsynlegt að hafa val. Á þessu heimili er ekki val hvenær hægt er að taka frí og því nauðsynlegt að geta valið í leikskólanum frí, svo fjölskyldan geti verið saman í fríi.
- eg á mjög erfitt að ákveða ákveðin tíma i sumarfrí frekar að ég velji tíman sem leikskólinn er lokaður
- myndi vilja fá algjört val hvenær við tækjum sumarfrí
- Kemur sér mjög illa fyrir suma foreldra að börnin séu skikkuð í frí á ákveðnum tíma. Fer ekkert betur í þau að þurfa að fá þössun úti bæ en að upplifa smá breytingar á leikskóla í stuttan tíma.
- ég vil að sumarlokanir verði takmarkaðar eins og unnt er
- Þetta var frábært í fyrra að hafa val um sumarfrí og gerði okkar fjölskyldu kleift að taka sumarfríið saman. Finnst hræðileg tilhugsun að fara aftur í að hafa lokað í 4 vikur.
- Mín ósk er sú að leikskólarnir loki yfir höfuð ekki. Ég get ekki séð hvernig það hentar heimilum að ein þjónustustofnun fái að setja öllum þær skorður að sumarfrí okkar sé tekið á tilteknunum tíma í 4 vikur. Ég er hlynnt því að barnið mitt taki 4 vikur í sumarfrí en ég vill fá að ákveða það sjálf hvenær þett frí er tekið og þá með tilliti til þess hvenær við foreldrarnir getum sjálf farið í frí.
- Það hentar mjög illa á mínum vinnustað(Hvest) að það sé alltaf lokaður leikskólinn í júlí. Margir með börn á leikskóla og því oft erfitt að koma til móts við alla. Finnst nauðsynlegt að geta valið líkt og í fyrra

6. Ef það væri í boði, myndir þú vilja að leikskólinn lokaði ekkert yfir sumartímann, og að þú hefðir val um hvenær ársins barnið þitt tæki 4 vikna samfellt frí (eins og skylt er að börn geri skv. lögum)?

62% já

21% Mér alveg sama

17% nei

Bryndis Ó Jónsdóttir
f.u. fittur í foreldrasöðum